

taksgerðar. Og jafnvel þó að svo væri á litið, að eðlilegt og sanngjarnt væri, að kaupgreiðendur fengju þóknun fyrir þessi margnefndu innheimtustörf, þá leiðir af því, að engin lagaákvæði eru til um það, hversu ákveða ætti þá þóknun, að það hlyti að vera samningsatriði hverju sinni. Nú er það ljóst af því, sem fram hefur komið í máli þessu, að gerðarþoli hefur eigi talið ástæðu til að leita samninga um þetta atriði við gerðarbeiðanda, heldur einhliða ákveðið sér þóknun fyrir þetta starf sitt. Slíkt telur rétturinn, að ekki fái staðizt gegn mótmælum gerðarbeiðanda. Einnig af þessari ástæðu getur rétturinn eigi tekið synjunarkröfu gerðarþola til greina.

Samkvæmt framanskráðu þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Mánudaginn 2. maí 1960.

Nr. 75/1958. **Trausti Jónsson og**
Hraðfrystihús Keflavíkur h/f
 (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
 gegn
Karli Karlssyni (Gunnar Jónsson hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Magnús P. Torfason prófessor.

Skaðabótakrafa út af riftun skiprúmssamnings.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjendur, sem nú eru sagðir sameigendur v/b Sæfara, KE 52, hafa með stefnu 24. nóvember 1958 skotið máli þessu til Hæstaréttar, að því leyti sem það varðar þá. Þeir gera þær dómkröfur, að sjóveðréttur stefnda í greindu skipi verði felldur niður og að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum áfrýjenda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi þeirra eftir mati dómsins.

Fram er komið í málinu, að Guðmundi Ibsenssyni, sem ráðinn hafði verið skipstjóri v/b Sæfara, KE 52, á vetrarvertið 1956, var af forráðamönnum skipsins falið að ráða áhöfn þess, og hefur Guðmundur vottað, að hann hafi ráðið stefnda háseta þá vertíð. Eins og í héraðsdómi greinir, kom v/b Sæfari frá Svíþjóð til Keflavíkur 30. marz 1956. Daginn eftir skráðist stefndi úr skiprúmi, enda leitaði áfrýjandi Trausti Jónsson, sem um þær mundir var að festa kaup á skipinu, eigi eftir því við stefnda, að hann yrði á skipinu áfram. Samkvæmt þessu og forsendum héraðsdóms að öðru leyti öðlaðist stefndi á hendur útgerð skipsins rétt til fébóta, sem tryggðar voru með sjóveðrétti í skipinu samkvæmt 236. gr. laga nr. 56/1914. Eftir gögnum málsins þykja bætur til handa stefnda eigi of hátt ákveðnar í héraðsdómi. Á ákvæði héraðsdóms um sjóveðrétt því að standa óhaggað og stefndi að vera sýkn af kröfum áfrýjenda.

Eftir þessum úrslitum eiga áfrýjendur að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Karl Karlsson, á að vera sýkn af kröfum áfrýjenda, Trausta Jónssonar og Hraðfrystihúss Keflavíkur h/f.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 16. október 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., höfðaði Karl Karlsson, Laugateigi 5 í Reykjavík, fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 4. október 1956, á hendur Oddi Helgasyni f. h. Fiskveiðihlutafélagsins Viðey, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 20.532.19 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1956 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá hefur stefnandi krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Sæfara, KE 52, til tryggingar dæmdum fjárhæðum. Hefur hann

stefnt Trausta Jónssyni, Keflavík, núverandi eiganda skipsins, til réttargæzlu að því leyti.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda, og þá í hæsta lagi kr. 15.978.50.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að fyrir áramótin 1955—1956 hafi hann verið ráðinn af Guðmundi Ibsen til að vera háseti á v/b Sæfara, KE 52, yfir vetrarvertíðina 1956. Hafi Guðmundur Ibsen verið ráðinn til þess að vera skipstjóri skipsins. Um þetta leyti hafi skipið verið í Svíþjóð, þar sem það var til ýmissa endurbóta, en fullyrt hafi verið, að skipið yrði tilbúið til að hefja veiðar strax í byrjun vertíðar. Þetta hafi þó dregizt, og hafi þeir skipverjarnir ekki verið sendir utan til þess að sækja skipið fyrr en hinn 16. febrúar 1956. Enn hafi þó orðið dráttur á því, að skipið yrði tilbúið. Hafi þeir ekki getað lagt af stað til Íslands fyrr en 25. marz, og hafi þeir komið til Keflavíkur hinn 30. s. m. Er til landsins hafi verið komið, hafi hið stefnda fiskveiðihlutafélag verið búið að selja skipið Trausta Jónssyni, réttargæzlustefnda. Hafi því ekkert orðið úr því, að skipið hæfi róðra, enda hafi hinn nýi eigandi þess leigt það til Vestmannaeyja, þar sem ný skipshöfn hafi tekið við því.

Byggir stefnandi kröfu sína á því, að hann hafi verið ráðinn á skipið yfir vetrarvertíðina 1956. Hafi stefnandi mátt treysta því, að útgerð skipsins yrði yfir alla vertíðina, svo sem ákveðið hafi verið við ráðningu. Það hafi því verið vegna vanefnda hins stefnda fiskveiðihlutafélags, að stefnandi hafi misst af vetrarvertíðinni. Stefnandi hafi orðið fyrir miklu fjárhagstjóni vegna þessara vanefnda, og beri hið stefnda fiskveiðihlutafélag fébótaábyrgð á því tjóni, sem stefnandi hafi orðið fyrir af þeim sökum.

Stefndu byggðu sýknukröfu sína á því í upphafi, að stefnandi hafi eigi verið ráðinn til annars en að sækja skipið til Svíþjóðar. Hafi stefnandi fengið greitt fyrir það sérstaklega, og eigi hann því eigi frekari kröfu á hendur stefndu. Í annan stað byggðu stefndu sýknukröfu sína á því, að er skipið hafi komið til Keflavíkur, hafi hinn nýi eigandi þess, réttargæzlustefndi, boðið stefnanda eins og öðrum skipverjum að vera áfram á skipinu, það sem eftir væri vertíðarinnar. Því boði hafi stefnandi hafnað, og hafi hann því firrt sig rétti til að krefjast skaðabóta úr hendi hins stefnda hlutafélags. Síðar var því eigi mótmælt af hálfu stefndu, að Sigurjón Sigurðsson sem prókúruhafi hins stefnda fiskveiðihlutafélags hafi ráðið Guðmund Ibsen til að vera skip-

stjóra á v/b Sæfara yfir vetrarvertíðina og að honum hafi verið falið að ráða skipshöfn á skipið.

Við hinn munnlega málflutning lét lögmaður stefndu að því liggja, að vísa ætti máli þessu frá dómi ex officio, þar sem Fiskveiðihlutafélaginu Drangey hafi eigi verið stefnt í máli þessu, en það hafi á þeim tíma, er hér um ræðir, verið sameigandi að v/b Sæfara með Fiskveiðihlutafélaginu Viðey. Af gögnum málsins er ljóst, að samskipti skipshafnar v/b Sæfara voru eingöngu við Fiskveiðihlutafélagið Viðey. Eru því eigi efnisrök til að vísa málinu frá dómi af framangreindum ástæðum.

Fyrir dómi hefur Guðmundur Ibsen borið, að Sigurjón Sigurðsson hafi ráðið hann til skipstjórnar v/b Sæfara yfir vetrarvertíðina 1956. Hafi hann strax fyrir áramótin ráðið skipshöfn á skipið, þar á meðal stefnanda, og hafi ráðningin verið til allrar vetrarvertíðarinnar. Guðmundur Ibsen kvað hinn nýja eiganda, réttargæzlustefnda, eigi hafa boðið skipshöfninni að vera áfram á skipinu, eftir að komið hafi verið til landsins.

Trausti Jónsson, réttargæzlustefndi, hefur komið fyrir dóm og borið um atvik að boði sínu um það, að skipshöfn skipsins yrði á því, það sem eftir væri vertíðar. Hann kveðst hafa boðið Guðmundi Ibsen skipstjórn, en öðrum skipverjum hafi hann ekki boðið skiprúm, enda hafi Guðmundur hafnað skipstjórninni.

Af staðhæfingum stefnanda, sem einnig eru studdar framburði Guðmundar Ibsens, þykir ljóst, að stefnandi hafi verið ráðinn háseti á skipinu yfir vetrarvertíðina 1956, enda er því ómót-mælt af stefndu, að tilætlunin hafi verið sú, að skipið hæfi veiðar í byrjun vertíðarinnar. Og þar sem ósannað er, að stefnanda hafi verið boðið skiprúm á skipinu, eftir að komið var til landsins, ber hið stefnda fiskveiðihlutafélag fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á því tjóni, sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna vanefnda félagsins á ráðningarsamningnum. Verður því sýknu-krafa stefndu ekki tekin til greina.

Fjárkröfu sína í málinu miðar stefnandi við það, hver hásetahlutur sinn hefði orðið yfir alla vertíðina. Miðar hann við útgerð tveggja skipa, sem gerð voru út frá Keflavík, svo sem til stóð með v/b Sæfara. Annað þeirra skipa hafi verið í hærri lagi þeirra skipa, og hafi hásetahlutur þar verið kr. 29.705.40, en hitt, sem hafi verið fyrir neðan meðallag, hafi verið með hásetahlut kr. 16.506.05. Tekur stefnandi meðaltal þessara tveggja skipa og reiknar hásetahlut sinn kr. 23.000.00

að viðbættum aukahlut sjómanns	kr. 4.600.00	kr. 27.600.00
Af þeirri fjárhæð hefur stefnandi fengið greitt		
hjá hinu stefnda hlutafélagi	—	7.067.81

Mismunurinn, kr. 20.532.19

er því krafa hans í málinu.

Varakröfu sína í málinu styðja stefndu þeim rökum, að stefnandi miði við of háan aflahlut. Miðað við útgerð sex skipa frá Keflavík, sem stefndu hafa aflað upplýsinga um og fyrir liggja í málinu, hefur hásetahlutur að meðaltali verið kr. 18.446.31. Stefnandi hafi því hæst orðið fyrir tjóni, sem nemi kr. 15.978.50. Þar að auki megi gera ráð fyrir, að stefnandi hafi unnið fyrir einhverjum launum á tímabilinu frá 30. marz og til loka verðisár 11. maí 1956, og beri einnig að taka tillit til þess við ákvörðun bóta til stefnanda.

Nákvæm skýrsla liggur ekki fyrir um afla þeirra skipa, sem gerð voru út frá Keflavík á vetrarvertíðinni 1956, en þau voru alls um 40. Með tilliti til þess, sem að framan er rakið um aflahlut á þeim skipum, sem upplýsingar liggja fyrir um, og annars þess, sem máli þykir skipta, þykja bætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 12.000.00. Verður Fiskveiðahlutafélagið Viðey því dæmt til að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt vöxtum frá 1. júní 1956, eins og krafizt er.

Þá ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í v/b Sæfara, KE 52, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Jónasi Jónassyni og Péttri Björnssyni, skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskveiðihlutafélagið Viðey, greiði stefnanda, Karli Karlssyni, kr. 12.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1956 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í v/b Sæfara, KE 52, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.